



Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember 2010

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, 206. mál**

#### Almennt

Frumvarpið gengur út frá ólögmæti gengistryggðra húsnæðis- og bílalána til einstaklinga til samræmis við dóm Hæstaréttar 16. júní 2010. Frumvarpið kveður á um að þessum gengistryggðu lánum einstaklinga verði breytt í lán í íslenskum krónum á Seðlabankavöxtum (1. mgr. 2. gr.), kjósi skuldari svo (3. gr.c(XII.)), í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar 16. september 2010. Lögmæti gengistryggðra lánasamninga lögaðila er á hinn bóginn lögfest með ótvíræðum hætti. Frumvarpið gengur hins vegar ekki út frá því að gengisbundnir lánasamningar lögaðila hafi verið ólögmætir, gagnstætt því sem gildir um einstaklinga, þótt gildandi lög geri engan greinarmun á lögaðilum og einstaklingum í þessu tilliti. Þar sem frumvarpið tekur ekki til gengistryggðra lána lögaðila er ljóst að það kemur til kasta dómstóla að kveða upp úr um lögmæti þeirra.

#### Um 6. mgr., 2. gr.

Í 6. mgr. 2. gr. er þó fjallað um aðstæður sem upp kunna að koma ef gengisbundin lán til lögaðila verða dæmd ólögmæt. Þar segir: „Við endurgreiðslur til lögaðila er kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmætra vaxta eða verðtryggingarákvæða. Með ávinningi er átt við mismun á vöxtum skv. 4. gr. (aths: Seðlabankavextir) og umsömdum en ólögmætum vöxtum og verðtryggingu.“

Þetta ákvæði er óljóst og engin túlkun á því í greinargerð. Óljóst er hve „tillit til allra lánsviðskipta“ nær langt aftur í tímann. Falla lán sem þegar hafa verið greidd upp undir ákvæðið? Ef til vill er hugsunin sú að ef lögaðili er með tvö eða fleiri lán í sama fjármálafyrirtæki og muni eiga rétt á endurgreiðslu vegna endurútreiknings annars lánsins þá geti kröfuhafinn ráðstafað endurgreiðslunni til afborgunar af hinu láninu þó að það sé ekki gjaldfallið. Ef svo er þá er það ekki skýrt.

Ef niðurstaða dómstóla verður sú að gengisbundin lán til lögaðila hafi einnig verið ólögmæt þá hafa þau eignast lögvarða kröfu sem ekki verður af þeim tekin bótalaust. Ef þetta ákvæði verður að lögum er næsta víst að á það verður látið reyna fyrir dómstólum. Af framangreindum ástæðum er lagt til að ákvæðið falli brott.

#### Um 5. gr.

Í fyrirliggjandi drögum að samkomulagi ríkisins, fjármálafyrirtæka og helstu samtaka atvinnurekenda um úrvinnslu skuldamála fyrirtækja er gengið út frá því að fjármálafyrirtæki og fyrirtæki geti komið sér saman um að fá mat þriðja aðila á eigna- eða rekstrarvirði fyrirtækja sem haft verði til hliðsjónar í samningum milli aðila við fjárhagslega



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

endurskipulagningu. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd í slíkum tilvikum. Í drögunum er hins vegar ákvæði um úrskurðarnefnd sem hafi það hlutverk að leysa úr hugsanlegum ágreiningi milli kröfuhafa um niðurfærslu skulda fyrirtækis en henni er ekki ætlað að úrskurða um hugsanlegan ágreining milli kröfuhafa og fyrirtækis.

Samkvæmt framansögðu er lagt til að 1. málsliður 1. mgr. orðist svo: „Komi til ágreinings *milli kröfuhafa* um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun skal heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar“.

#### **Sérstakarmíð um gengistryggð lán lögaðila**

Í skýringum við frumvarpið er alhæft að engin sérstök sanngirnirök eða efnahagsleg rök séu fyrir því að gengistryggð lán fyrirtækja skuli teljast ólögleg. Þetta orkar tvímælis því frumvarpið mismunar milli forms atvinnurekstrar, þ.e. hvort um einstaklingsrekstur á eigin kennitölu eða lögaðila sé að ræða. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar um fyrirtæki árið 2005 voru langflest íslensk fyrirtæki með einn starfsmann, eða 15.300 alls. Fyrirtæki með 2-9 starfsmenn voru tæplega 8.600. Það er alls ekki sjálfgefið að sömu sanngirnirök og efnahagsleg rök eigi ekki við um þau eins og einstaklinga.

#### **Um fjárhæðir gengistryggðra lána**

Í skýringum við frumvarpið er ósamræmi í umfjöllun um kostnað fjármálafyrirtækjanna vegna dóma Hæstaréttar. Vitnað er í óbirtar skýrslur Fjármálaeftirlitsins þar sem vænt tap lánastofnanna er í versta falli metið 50 milljarðar króna vegna einstaklinga og 58 milljarðar króna vegna fyrirtækja. Á öðrum stað kemur fram að bókfært virði lána í erlendri mynt til fyrirtækja sé um 1.000 milljarðar, en kröfuvirði þessara lána sé um 2.360 milljarðar. Þá má geta þess að samkvæmt Hagtölum Seðlabankans námu gengisbundin lán fyrirtækja 620 milljörðum króna og heimila 105 milljörðum króna í október 2010.

Það er sjálfsgöð krafa að frumvarpshöfundar skýri þessa framsetningu betur og tengsl þessara fjárhagsupplýsinga við frumvarpið, einkum í ljósi mats Fjármálaeftirlitsins að tap lánastofnanna vegna gengisbundinna lána skiptist nokkurn veginn jafnt á milli einstaklinga og lögaðila.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri